

---

# Fjármögnunar- þjónusta

---

Viðmiðunarreglur um mat á notkun og sliti bifreiða



---

# Samningur um eðlileg not og slit með vísan til samstarfssamnings. Viðmiðunarreglur eftir skil að loknum Flotaleigusamningi.

---

Tilgangurinn með þessum samningi er að skilgreina þau viðmið sem notuð eru við mat á notkun og sliti Flotaleigubifreiða við lok á leigutíma. Matið er alltaf háð aldri bifreiðar og heildarakstursnotkun hennar. Í öllum tilvikum telst ekki í lagi ef hluti vantar sem sannarlega fylgdu bifreiðinni við upphaf samningstíma s.s. allir lykklar, mottur og hljómflutningstæki. Einnig telst það ekki í lagi ef gler eða speglar eru brotnir.

Alltaf verður reynt að meta ástand bifreiðar á sanngjarnan hátt og þegar mögulegt er frekar leitast við að lagfæra hluti í bifreiðinni frekar en að endurnýja þá.

Ástandsskoðun bifreiðar við lok samningstíma fer fram hjá þeim aðila sem Lykill tilnefnir. Bifreiðarnar fara þá í gegnum staðlaða ástandsskoðun en í því ferli er heildarástand bifreiðar metið. Tjón, gallar og það sem vantar er skjalfest.

---

## Í LAGI og EKKI Í LAGI við notkun og slit bifreiða

---

Í samningnum eru dæmi um mat á notkun og sliti bifreiða og útskýrt með myndum hvað telst vera eðlileg og **í lagi** notkun og hvaða atriði teljast vera **ekki í lagi**. Reglurnar um mat bifreiða að loknum leigutíma eru unnar í samráði við fagaðila og tilgangur þeirra er að notendur hafi skýra mynd af því hvað teljist vera eðlilegt ástand bifreiða við lok samningstíma. Leigutaka ber skylda til að kynna sér þessar reglur og tryggja að allir notendur bifreiða sem þeir hafa umráð yfir þekki þær.

Þegar viðkomandi matsaðili hefur lokið við mat á bifreiðinni afhendir hann leigutaka matsyfirlit þar sem fram koma allar skemmdir sem ekki falla undir það sem talist getur eðlilegt slit á samningstíma. Á matsyfirlitinu er farið yfir hvaða atriði sé nauðsynlegt að lagfæra og heildarkostnað við lagfæringar.

## Eftirfarandi reglur gilda við skil bifreiðar úr Flotaleigu.

Allir hlutir sem fylgdu bifreiðinni í byrjun samnings, þurfa að fylgja við skil á bifreiðinni, t.d.:

- Allir lykklar
- Upplýsingar um bifreiðina
- Þjónustu- og smurbók
- Geislasþáttar og jafnvel innbyggt GPS tæki (ef við á)
- Mottur
- Farangurshlíf (gardína í skotti)
- Farangursgrind
- Varahjólbarði
- Verkfæri og tjakkur til hjólbarðaskipta
- Öryggisbúnaður sem fylgdi með s.s. þríhyrningur, sjúkrakassi eða vesti
- Ef vetrarhjólbardar eru hluti af viðkomandi Flotaleigusamningi þurfa þeir að fylgja með ásamt boltum. Sama á við um sumarhjólbarda, ef skil á bifreið á sér stað að vetri til.



## Málning (lakk) bifreiðar


### Í LAGI



Lítið svæði þar sem steinkast hefur rispað lakkið, litið er til aldurs og akstursnotkunar í þessu samhengi. Steinkastið á ekki að hafa hoggð úr lakkinu og ryðskemmdir eru ekki í lagi.



Hér er lítið svæði þar sem hoggð er upp úr lakkinu. Hér er mögulegt að koma í veg fyrir frekari skemmdir með því að mála í lakkið áður en ryð byrjar að myndast. Þetta telst í lagi með notkun rétttra efna við lagfæringu.



Grunnar rispur og skemmdir sem hægt er að lagfæra með vélbóni.



Litaðir stuðarar með grunnnum rispum sem hafa ekki farið í gegnum lakkið.

### EKKI Í LAGI



Rispur eða skemmdir, tvær eða fleiri á sama svæði, sem ná í gegnum lakkið eru ekki í lagi.



Óeðlilega mikið magn steinhögga í lakkinu. Höggin hafa farið í gegnum lakkið og/eða ryð byrjað að myndast. Hér er þó lítið til aldurs bifreiðar og fjölda ekinna kílómetra.



Beyglur, rispur, dældir og högg með skemmdum á lakki og eru byrjuð að sýna merki um skemmdir.



Brotið eða sprungið grill telst óásættanlegt.

## Málning (lakk) bifreiðar

### Í LAGI



Stuðarar sem ekki eru lakkaðir með grunnar rispur teljast í lagi, einnig litlar dældir allt að 20 mm í þvermál.



Rispur á hliðarspeglum, ekki stærri en 50 mm, á ómáluðum speglum. Á lökkðuðum speglum má rispan ekki hafa náð niður í ál spegilsins. Spegillinn þarf að vera að öllu leyti óbrotinn og hæfur til notkunar.



Nauðsynlegt er að ljós og annar búnaður sem festur hefur verið á bifreið sé að öllu leyti hæfur til notkunar.

### EKKI Í LAGI

Stórar rispur, dældir eða skemmdir sem ná yfir 20 mm í þvermál. Athugið að togbúnaður sé til staðar ásamt hlífum fyrir búnaðinn.



Umtalsvert tjón á speglum þar sem rispur eru það miklar að þær ná niður í gegnum lakk.



Miklar skemmdir á spegli og hann skakkur. Einnig þarf ljósbúnaður sem festur hefur verið á bifreið að vera á sínum stað og án skemmda.



## Framhluti / stuðarar

### Í LAGI



Í mesta lagi tvær litlar skemmdir á stuðara, skemmd má ekki ná í gegnum lakkið.



Smávægileg lita-breyting á stuðara, svo sem eins og eftir veðrun.

### EKKI Í LAGI



Áberandi mikla rispur á stuðara.



Rispur sem valda skemmdum á stuðara.

## Ljósabúnaður / Gler bifreiðar

### Í LAGI




Högg vegna steinkasts í ljósabúnað bifreiðar eða rispur sem ekki hamla notkun búnaðarins.



Högg vegna steinkasts eða rispur í gleri (ekki stærri en 10 mm), svo lengi sem það truflar eða hindrar ekki ökumann við akstur.

### EKKI Í LAGI



Högg í ljósabúnað sem brýtur glerið, óbundið stærð brots.



Sprungu eða brot í ljósabúnaði sem hindrar eðlilega virkni búnaðarins. Ljósaperur þurfa að vera heilar og í lagi. Ennfremur er brot eða sprunga í rúðu bifreiðar (stærri en 10 mm) óásættanleg.

## Hjólabúnaður og felgur

### Í LAGI



Á dekkjum skal vera a.m.k. 3 mm mynsturdýpt.



Smáar rispur eða hnoð á felgum hjólabarða.



Rispur á felgum, svo lengi sem beygla hefur ekki myndast á felgunni.



Boltar á felgu sem eru án alls ryðs og annarra skemmda.

### EKKI Í LAGI



Hjólabarðaskemmdir vegna slæmrar meðferðar. Mynsturlausir hjólabarðar eru ekki í lagi.



Sprungur, bólgur eða skurðir á hjólbörðum eða aðrar skemmdir á hlið þeirra.



Sprungnir hjólabarðar vegna þess að þeim hefur verið ekið utan í eða á hlut og hefur bein áhrif á öryggi bifreiðarinnar.



Beyglaðar eða brotnar felgur, einnig sprungur á felgum.



Miklar rispur og brot í felgum.

## Setur og ástand sætisbúnaðar

### Í LAGI



Eðlilegt slit á sætum, eins og við það að fara inn og út úr bifreið.

### EKKI Í LAGI



Umtalsvert slit og óhreinindi sem ekki er hægt að þrifa með góðu móti.

Rifin bólstrun eða gót.



## Innra rými og þak

### Í LAGI



Skyggni sem umgangur sést á, þ.e. það sem teljast má eðlileg notkun.

### EKKI Í LAGI



Mjög skítugt loft í bifreið sem ekki er hægt að þrifa með hefðbundnum þrifum. Rákir, rifur, beyglur eða skurðir í efni eru einnig ekki í lagi.



Smávægilegar litabreytingar sem eðlilegar mega teljast miðað við daglega notkun bifreiðar.



## Mottur, mælaborð, stýri og teppi bifreiða

### Í LAGI



Það sem teljast má eðlilegt slit á teppi og mottum.

### EKKI Í LAGI



Rifur eða göt í teppi eða mottum.



Notkun sést á stýri bifreiðar, en einungis þannig að eðlilegt geti talist m.v. notkun bifreiðar.



Skemmdir á innra rými bifreiðar sem ekki telst hluti af eðlilegri umgengni í bifreið.

---

## Eðlilegt slit bifreiða á leigutíma

---

Samningur um eðlileg not og slit (Fair wear and tear).

Samningur þessi telst hluti af samstarfssamningi aðila. Undirritaður leigutaki hefur kynnt sér skilmála og viðmiðunarreglur samnings þessa og hefur ekkert við hann að athuga. Öllu framangreindu til staðfestingar rita samningsaðilar undir samning þennan.

Þessi bæklingur tilheyrir bifreið með fastanúmer:

---

Þjónustuaðili bifreiðarinnar er:

---

f.h. Lykils

---

f.h. leigutaka

---

Vitundarvottar að rétttri dagsetningu og undirritun

Nafn kt.

---

Nafn kt.

---



